

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 194/1996.

**Íslenska ríkið**

(Jón G. Tómasson hrl.)

gegn

**Anne May Sæmundsdóttur**

(Gunnar Jónsson hrl.)

Frávísun frá Hæstarétti. Greiðsla. Lögvarðir hagsmunir.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1996. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess eins, að áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir héraðsdómi krafðist stefnda þess, að Fiskifélagi Íslands og áfrýjanda yrði í sameiningu gert að greiða sér biðlaun, að fjárhæð 574.557 krónur, ásamt dráttarvöxtum af nánar tilteknum fjárhæðum og málskostnaði. Þessar kröfur voru teknar til greina með hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt gögnum, sem lögð voru fram í Hæstarétti, fékk stefnda kröfuna greidda að fullu 6. desember 1996 frá Fiskifélagi Íslands. Félagið efndi þar með kröfuna, sem því var gert að greiða í sameiningu með áfrýjanda, og leið hún þar með undir lok. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá nú dóm um sýknu af kröfu, sem er ekki lengur til. Verður málinu þegar af þeirri ástæðu vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð:**

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, íslenska ríkið, greiði stefndu, Anne May Sæmundsdóttur, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.